

Vottun fjármálaráðgjafa

SAMTÖK
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Borgartún 35,
105 Reykjavík

Sími: 591 0400

Efnisyfirlit

1. Samstarfsamningur um vottun fjármálaráðgjafa	2
1.1. Skipulag og umgjörð	2
Stýrihópur	3
Vottunarnefnd	4
Fagráð	4
Fagnefnd fjármálafyrirtækja	6
Matsnefnd	6
Verkefnastjóri	6
2. Markmið vottunar	6
2.1. Forkröfur	7
2.2. Undirbúningsnám til vottunar	7
3. Vottunarpróf og uppbygging þeirra	7
3.1. Vottunarpróf í fagþekkingarhluta	9
Forsendur vottunar	9
Einkunnir	9
Námsmat í samskipta- og ráðgjafahluta	10
Endurtektarpróf	10
Prófsýningar	10
4. Reglur um próftöku	11
4.1. Skráning í endurtektarpróf	11
4.2. Prófstaðir	11
4.3. Prófstofur	12
4.4. Próftími	12
4.5. Meðan á prófi stendur	12
4.6. Sérúrræði í prófi	13
4.7. Brot á prófreglum og viðurlög	14
5. Vottunarskírteini	14
5.1. Gildistími	14
6. Endurmenntunarpróf	14
6.1. Ágreiningur og áfrýjunarleiðir	15
7. Prófefnislýsing í fagþekkingarhluta	15

1. Samstarfsamningur um vottun fjármálaráðgjafa


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Háskólinn á Bifröst, Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtök fjármálafyrirtækja standa að samstarfssamningi um aðkomu að verkefninu vottun fjármálaráðgjafa.

Samstarfssamningurinn hefur það að markmiði að auka áreiðanleika og trúverðugleika vottunar. Með aðkomu háskólanna þriggja ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er lagður traustur grunnur að þeirri þekkingu og færni sem vottun fjármálaráðgjafa byggir á.

Eigendur verkefnisins eru Samtök fjármálafyrirtækja, hér eftir nefnd SFF, aðsetur þeirra er í Borgartúni 35, Reykjavík.

1.1. Skipulag og umgjörð

Með æðsta vald í verkefninu Vottun fjármálaráðgjafa fer stýrihópur sem starfar í umboði stjórnar SFF. Stýrihópur skipar vottunarnefnd og formann hennar. Vottunarnefnd skipar fagráð. Hér neðar má sjá stjórnskipurit verkefnisins auk þess sem í framhaldi er greint sérstaklega frá einstökum nefndum.



Mynd 1: Stjórnskipurit verkefnisins.

Stýrihópur

Hlutverk stýrihóps er að tryggja framgang verkefnisins og móta umgjörð þess út frá framtíðarsýn, gæðum, ábyrgð, áherslum og kostnaði. Stýrihópur er skipaður fjórum fulltrúum allra viðskiptabanka innan SFF og tveimur fulltrúum Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Í stýrihóp sitja eftirtaldir aðilar:

- Elísabet Helgadóttir, fræðslustjóri hjá Íslandsbanka, formaður stýrihóps.
- Hildur Sigurðardóttir, fræðslustjóri hjá Arion banka.
- Halla Jónsdóttir, fræðslustjóri hjá Landsbanka.
- Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri hjá MP banka.
- Guðný S. Magnúsdóttir, stjórn SSF.

- Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur hjá SFF.

Vottunarnefnd

Vottunarnefnd fer með æðsta vald í faglegu inntaki vottunar og kemur að gerð og þróun þeirra lærdómsviðmiða sem lögð eru til grundvallar í prófum og mati á hæfni sem vottaður fjármálaráðgjafi þarf að standast til að hljóta vottun.

Samstarfsaðilar aðrir en SSF eru skuldbundnir til setu í vottunarnefnd.

Í vottunarnefnd sitja fulltrúar samstarfsaðila en f.h. þeirra sitja eftirtaldir aðilar:

- Hrefna Sigríður Briem, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, formaður vottunarnefndar.
- Jón Snorri Snorrason, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
- Stefán Kalmansson, Háskólanum á Bifröst.
- Harpa Theodórsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.
- Elísabet Helgadóttir, Íslandsbanka, formaður stýrihóps vottunar.
- Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur hjá SFF.

Nefndin býr við faglegt sjálfstæði sem leggur grunn að trúverðugleika verkefnisins.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- Að staðfesta þá náms- og prófefnislýsingu sem fagrað gerir tillögu um.
- Að velja fulltrúa í fagrað og haga vali ábyrgðaraðila einstakra námskeiðshluta jafnt á milli sérfræðinga innan þeirra háskóla sem koma að samstarfssamningi þessum.
- Að tryggja að vottunarpróf taki mið af gildandi prófefnislýsingu hverju sinni.
- Komi upp ágreiningur eða álitamál hjá próftaka vegna vottunarprófa skal vísa slíkum málum til vottunarnefndar.
- Vottunarnefnd skipar kærunefnd til úrlausnar ágreiningsmála.

Fagrað

Fagrað leggur grunn að faglegu innihaldi þeirra krafna sem vottaðir fjármálaráðgjafar skulu hafa staðist til að fá titilinn „Vottaður fjármálaráðgjafi“.

Fagráð er skipað af vottunarnefnd. Formaður vottunarnefndar stýrir fundum fagráðs og leiðir þá vinnu. Fagráðið er framkvæmdaraðili vottunar um fagleg viðfangsefni og heyrir undir vottunarnefnd. Fagráð er skipað ábyrgðaraðilum eftirfarandi námshluta; þjóðhagfræði, fjármál og fjármálamarkaðir, laga- og stofnanaumgjörð, fjármál einstaklinga, sparnaður, útlán og greiðslumiðlun, siðfræði og ráðgjafafærni.

Í fagráði sitja:

- Hrefna Sigríður Briem, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, formaður vottunarnefndar.
- Þórólfur Matthíasson, Háskóli Íslands, þjóðhagfræði.
- Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Háskóla Íslands, fjármál og fjármálamarkaðir.
- Jón Þór Sturluson, Háskólinn í Reykjavík, fjármál einstaklinga.
- Sigurbjörn Einarsson, Háskólanum á Bifröst, sparnaður, útlán og greiðslumiðlun.
- Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Háskóla Íslands, laga- og stofnanaumgjörð.
- Jón Ólafsson, Háskólanum á Bifröst, siðfræði.
- Þór Clausen, sjálfstæður ráðgjafi, ráðgjafafærni.
- Sigurbjörn Einarsson, Háskólinn á Bifröst, samskipta- og ráðgjafafærnimat.

Hver ábyrgðaraðili hefur sér til stuðnings samráðs- og umsagnaraðila frá samstarfsháskóla sem nýst getur ábyrgðaraðila við endurgjöf á þróun og lýsingu á þeim þekkingar- og færnikröfum sem vottun fjármálaráðgjafa stendur fyrir.

Helstu verkefni ábyrgðaraðila í fagráði eru:

- Þróun á faglegu innihaldi námsefnis.
- Gerð og þróun prófefnislýsingar.
- Að koma að kennslu þegar svo ber undir.
- Val sérfræðinga til kennslu.
- Gerð vottunarprófa og tryggja að þau séu í samræmi við prófefnislýsingu, yfirferð námsefnis og almenn viðmið um faglega prófsmíði.

- Að hafa fagleg samskipti við verkefnastjóra námsins vegna skipulagningar á kennslu og vegna framkvæmdar og gerðar vottunarprófa þegar svo ber undir.

Fagnefnd fjármálafyrirtækja

Innan fjármálafyrirtækjanna eru skipaðir sérfræðingar í fagnefnd þar sem hvert fjármálafyrirtæki á sinn fulltrúa. Hlutverk þessa hóps er að gefa fagráði endurgjöf á inntaki námsefnis til að tryggja hagnýtt gildi vottunar fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja.

Í fagnefnd fjármálafyrirtækja sitja:

- Bernhard Þór Bernhardsson, útibússtjóri Arion banka.
- Hildur Kristmundsdóttir, útibússtjóri Íslandsbanka.
- Ólöf Hildur Jónsdóttir, sérfræðingur Landsbanka.
- Sigríður Einarsdóttir, útibússtjóri MP banka.

Matsnefnd

Í samskipta- og ráðgjafahluta vottunar fer fram mat á hæfni starfsmanna við úrlausn ákveðinna verkefna. Mat þetta fer fram í Opna háskólanum í HR.

Tveir óháðir prófdómarar koma að hverju raunfærnimati og tryggja samræmingu og hlutleysi við mat á raunfærni starfsmanns.

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri námsins er Kamilla Reynisdóttir, starfsmaður Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

2. Markmið vottunar

Markmiðið með verkefninu er að auka traust á bankastarfsemi og gæði þeirrar fjármálaráðgjafar sem viðskiptavinum er veitt. Til að ná tilsettum markmiðum þarf að samræma þær kröfur sem gerðar eru til þeirra starfsmanna sem sinna fjármálaráðgjöf til einstaklinga og eru innan aðildarféлага SFF. Mikilvægt er að tryggja að fjármálaráðgjafar búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni og að þeir séu í stakk búnir til að mæta aukinni þörf viðskiptavina.

Með vottuninni fær fjármálaráðgjafi staðfestingu á þeirri þekkingu og reynslu sem viðkomandi hefur aflað sér og jafnframt eykst færni hans í starfi sem fjármálaráðgjafi.

2.1. Forkröfur

Starfsmönnum þeirra viðskiptabanka sem eiga aðild að SFF er heimilt að skrá sig í vottun að fengnu samþykki yfirmanns.

Starfsmenn verða að hafa að lágmarki eins árs starfsreynslu til að verða þátttakendur í vottun fjármálaráðgjafa. Með starfsreynslu er átt við reynslu af samskiptum við viðskiptavini eða ráðgjöf í fjármálafyrirtæki.

2.2. Undirbúningsnám til vottunar

Starfsmönnum fjármálafyrirtækja sem hyggja á vottun býðst að sækja undirbúningsnám til vottunar sem nemur um 170 kennslustundum.

Starfsmenn sem ekki hafa lokið háskólaprófi í viðskiptafræði eða skyldum greinum eru hvattir til að nýta sér það undirbúningsnám sem í boði er.


Þeir sem hyggjast gangast undir vottun verða hins vegar allir að sitja þann hluta undirbúningsnámsins er snýr að siðfræði og ráðgjafafærni og fellur undir fagþekkingu vottunar.

Nemendur sem nýta sér undirbúningsnámið til vottunar þurfa að sækja um inngöngu í námið hjá sínu fjármálafyrirtæki. Nemendur sem ekki kjósa að taka undirbúningsnám til vottunar skulu taka það fram í umsókn.

3. Vottunarpróf og uppbygging þeirra

Starfsmaður fjármálafyrirtækis sem ætlar að verða vottaður fjármálaráðgjafi verður að standast fagþekkingarpróf og verklegt próf í samskipta- og ráðgjafafærnihluta.

Hér neðar má sjá skipulag náms til vottunar fjármálaráðgjafa.



Nám til vottunar skiptist í tvo hluta sem eru annars vegar fagþekkingarhluta og hins vegar samskipta- og ráðgjafafærnihluta.

3.1. Vottunarpróf í fagþekkingarluta

Forsendur vottunar

Vegið meðaltal úr öllum þeim sjö námshlutum sem falla undir fagþekkingu vottunar þarf að vera að lágmarki 7,00 til að nemandi í vottun standist próf í fagþekkingarluta. Nemandi sem skráður er í vottun skal hafa lokið öllum prófum með fullnægjandi árangri innan þriggja ára frá því að fyrsta vottunarprófið er tekið. Engar undanþágur eru veittar frá próftöku.

Til að standast hvert próf þarf próftaki að ná að lágmarki 5,0 í lokaeinkunn í öllum eftirfarandi námshlutum:

Námshlutar í fagþekkingarluta:	Fjöldi kennslu- stunda	Vægi námsmats í meðaleinkunn:
Þjóðhagfræði	20 klst.	15%
Laga- og stofnanaumgjörð	34 klst.	20%
Fjármál og fjármálamarkaðir	28 klst.	15%
Fjármál einstaklinga	28 klst.	20%
Sparnaður, útlán, greiðslumiðlun	24 klst.	15%
Siðfræði	20 klst.	7,5%
Ráðgjafafærni	16 klst.	7,5%
	170 klst.	100%

Einkunnir eru gefnar í heilum eða hálfum tölum.

Heimilt er að reyna þrisvar sinnum við hvert próf. Þetta gildir um bæði vottunarpróf í fagþekkingarluta og í samskipta- og ráðgjafafærnimati vottunar.

Engar undanþágur eru veittar frá þeim prófum sem vottaður fjármálaráðgjafi þarf að standast til að hljóta vottun.

Einkunnir

Einkunnir úr lokaprófum og endurtektarprófum námskeiða eiga að liggja fyrir eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að prófi lýkur.

Vottunarpróf í samskipta- og ráðgjafafærnimati

Til að öðlast próftökurétt í samskipta- og ráðgjafafærnimati þarf að hafa lokið öllum prófum í fagþekkingarluta með meðaleinkunn 7,00.

Til að meta raunfærni starfsmanns eru lögð fyrir þrjú verkefni er snúa að eftirfarandi viðfangsefnum:

- Sparnaður
- Innlán
- Útlán
- Siðferðisleg álitamál í ráðgjöf

Verklegt raunfærnimat fer fram innan Opna háskólans í HR. Tveir prófdómarar koma að matinu.

Námsmat í samskipta- og ráðgjafafærnimati

Námsmat í samskipta- og ráðgjafafærnimati er munnlegt og fá nemendur umsögnina *staðist* eða *ekki staðist*.

Námsmat er veitt samdægurs að loknum verklegum vottunarprófum.

Nemandi sem ekki stenst færni viðmið eftir þrjár tilraunir í verklegum vottunarprófum skal taka upp öll vottunarpróf í bæði fagþekkingar- og samskipta- og ráðgjafafærnimati vottunar að nýju.

Endurtektarpróf

Standist nemandi ekki þau viðmið sem lagt er upp með hefur hann tækifæri til að reyna þrisvar sinnum við hvert fagþekkingarpróf og samskipta- og ráðgjafafærnimat.

Endurtektarpróf í fagþekkingarhluta eru haldin í lok hverrar annar. Starfsmenn bera sjálfir ábyrgð á því að skrá sig í endurtektarpróf hjá verkefnastjóra námsins, einni viku fyrir auglýstan prófdag.

Endurtekt í samskipta- og ráðgjafafærnimati fer fram að lágmarki mánuði eftir þreytt próf.

Allur kostnaður vegna endurtektarprófa fellur á fjármálafyrirtæki viðkomandi starfsmanns.

Prófsýningar

Starfsmaður á rétt á að sjá prófúrlausn sína úr fagþekkingarhluta ef hann óskar þess. Prófsýningar eru haldnar í Reykjavík í tengslum við næstu staðarlotu sem

haldin er samkvæmt gildandi kennsluáætlun. Verkefnastjóri námsins tilkynnir nemendum um tíma- og dagsetningu prófsýninga innan fimmtán daga frá birtingu einkunna.

Nemendur skrá sig í prófsýningu hjá verkefnastjóra námsins hverju sinni.

Próf og prófúrlausn er ekki eign nemenda. Skila þarf prófi og prófúrlausn til kennara eða verkefnastjóra námsins eftir prófsýningu.

Ekki er prófsýning í samskipta- og ráðgjafafærnimatinu þar sem prófið er munnlegt. Prófdómarar tilkynna nemanda niðurstöðu matsins að loknu verklega vottunarprófinu, staðið eða ekki staðið, ásamt því að fara yfir niðurstöðuna með nemenda. Nemandi getur óskað eftir því að fá niðurstöðuna skriflega, niðurstaðan verður afhent verkefnastjóra námsins sem kemur henni til nemenda.

4. Reglur um próftöku

Nemendur í vottunarnámi eru sjálfkrafa skráðir í vottunarpróf um leið og þeir skrá sig í námið. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á því að kynna sér dagsetningar prófa sem og endurtektarprófa. Um framkvæmd prófa gilda sambærilegar reglur er varða próftöku á háskólastigi.

4.1. Skráning í endurtektarpróf

Nemandi sem kemst ekki í próf hefur kost á að taka endurtektarpróf sem eru haldin í lok annar. Nemandi skráir sig í endurtektarpróf hjá verkefnastjóra námsins eigi síðar en viku fyrir skráðan prófdag.

4.2. Prófstaðir

Nemendur sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins geta óskað eftir því að þreyta vottunarpróf á viðurkenndum prófstöðum símenntunarmiðstöðva um landið, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum/Reyðarfirði, Ísafirði, Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði. Beiðni um próftökustað annan en Reykjavík þarf að berast verkefnastjóra námsins tveimur vikum fyrir settan prófdag.

4.3. Prófstofur

Prófstofur eru að jafnaði opnaðar 10 mínútum áður en vottunarpróf hefst. Mæti nemandi meira en einni klukkustund eftir að próf hefst fær hann ekki að þreyta prófið.

4.4. Próftími

Próftími í vottunarprófi er þrjár klukkustundir. Kennara eða staðgengli ber að koma a.m.k. einu sinni í prófstofur á meðan á prófi stendur til þess að svara spurningum nemenda.

4.5. Á meðan á prófi stendur

- Meðan próf stendur yfir skal nemandi hafa gild persónuskilríki aðgengileg fyrir prófgæslufólk. Nemandi getur misst próftökurétt ef hann sýnir ekki viðeigandi persónuskilríki.
- Prófgæslufólk gefur merki um hvenær hefjast má handa við úrlausn og hvenær próftími er liðinn. Að loknum próftíma ber öllum að skila prófum ásamt prófaúrlausnum sínum.
- Ef koma þarf á framfæri leiðréttingum eða upplýsingum til nemenda í vottunarprófi er það gert með því að skrifa þær á töflu eða dreifa þeim ljósrituðum til viðkomandi nemenda í samráði við framkvæmdaraðila.
- Verkefnastjóri námsins ber ábyrgð á að upplýsa prófgæslufólk á öllum prófstöðum um allar leiðréttingar eða upplýsingar sem berast eiga nemendum meðan á prófi stendur.
- Ekki má skila úrlausnum fyrr en ein klukkustund er liðin frá upphafi próftíma.
- Að loknum próftíma ber öllum nemendum í vottunarprófi að skila úrlausnum þegar í stað. Nemendur hafa þó tíma til að ganga frá prófúrlausn sinni og merkja hana eftir að próftíma lýkur en ekki breyta eða bæta úrlausnirnar.
- Verði nemandi uppvís að því að vinna að prófúrlausn eftir að próftíma lýkur skal prófgæslufólk stöðva háttsemina og gera hýsingaraðila viðvart sem tekur ákvörðun um frekari aðgerðir.

- Að loknum öllum skriflegum prófum eiga nemendur að skila prófspurningum, úrlausnum og rissblöðum til prófgæslufólks. Svör af rissblöðum eru ekki tekin gild.
- Nemanda er óheimilt að nota önnur hjálpargögn í prófi en tilgreind eru á forsíðu prófs. Þar er meðal annars átt við fartölvur, reiknivélar og önnur tæki.
- Nemendur mega ekki hafa yfirhafnir, töskur eða annan búnað sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum við prófborðið. Óheimilt er að valda truflun í prófstofu.
- Varsla og notkun farsíma er bönnuð á meðan próf stendur yfir. Hafi nemandi farsíma meðferðis ber honum að slökkva á símanum, setja hann í tösku eða afhenda prófgæslufólki til varðveislu meðan vottunarpróf stendur yfir. Öll samskipti eru óheimil meðan á vottunarprófi stendur.
- Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í vottunarprófi skal prófgæslufólk stöðva háttsemina og kalla til hýsingaraðila sem tekur ákvörðun um frekari viðbrögð. Hýsingaraðila er heimilt að vísa nemanda úr prófi. Máli viðkomandi próftaka er síðan vísað til vottunarnefndar.
- Nemanda er einungis heimilt að yfirgefa prófborð áður en hann hefur lokið prófi til þess að fara á snyrtingu og aðeins undir eftirliti fylgdarmanns.
- Nemanda er ávallt skylt að skila úrlausnarblaði með prófnúmeri.
- Nemandi sem lýkur prófi áður en tilskildum próftíma lýkur skal yfirgefa prófstofu og prófsvæði. Viðkomandi nemanda ber að gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi.

4.6. Sérúrræði í prófi

Nemandi sem óskar sérúrræða í vottunarprófi vegna lesblindu eða líkamlegra hamlana ber að skila umsókn til verkefnastjóra námsins að lágmarki viku fyrir settan prófdag.

Nemendur geta á grundvelli hamlana þeirra er þeir kljást við sótt um lengingu á próftíma í vottunarprófum. Uppfylli umsóknin skilyrði verkefnastjóra námsbrautar fær próftaki 15 mínútur aukalega fyrir hverja klukkustund í vottunarprófi.

4.7. Brot á prófreglum og viðurlög

Verði nemandi uppvís að því að nota óleyfileg gögn mun honum umsvifalaust verða vikið úr prófi og missir hann þar með rétt til próftöku.

5. Vottunarskírteini

Nemandi sem lokið hefur vottun mun fá afhent vottunarskírteini sem mun fylgja honum færi hann sig á milli fjármálafyrirtækja sem eru innan vébanda SFF og eru aðilar að vottunarsamstarfinu.

Vottunarnefnd gefur út vottunarskírteini.

Verkefnastjóri námsins sendir í lok hvers námsárs lista yfir þá nemendur sem ljúka vottun. SFF heldur utan um þær upplýsingar.

5.1. Gildistími

Mikil áhersla er lögð á endurmenntunarpátt vottaðra fjármálaráðgjafa. Þeir sem ljúka vottun þurfa innan fimm ára að sækja námskeið til að viðhalda vottunarskírteini sínu.

6. Endurmenntunarnámskeið

Vottaður fjármálaráðgjafi skal staðfesta þekkingu sína og hæfni með endurmenntunarnámskeiði fimmta hvert ár.

Endurmenntunarnámskeið skulu vera úr hverjum fagþekkingarhluta og verða haldin sameiginlega í þeim fjármálafyrirtækjum sem koma að verkefninu. Fagþekkingarhlutar eru eftirfarandi:

- Ráðgjafafærni.
- Þjóðhagfræði.
- Laga- og stofnanaumgjörð.
- Fjármál og fjármálamarkaðir.
- Fjármál einstaklinga.
- Sparnaður, útlán, greiðslumiðlun.
- Siðfræði.

Ef vottaður fjármálaráðgjafi getur vegna leyfa eða annarra fjarvista af vinnustað ekki sótt endurmenntunarnámskeið skal hann gera það eins fljótt og mögulegt er.

Ef starfsmaður missir af tveimur endurmenntunarnámskeiðum frá þeim tíma sem gildistími vottunarskírteinis segir til um missir hann skírteinið og þarf að taka öll fagþekkingarpróf og verklegt próf í samskipta- og ráðgjafahluta að nýju.

6.1. Ágreiningur og áfrýjunarleiðir

Komi upp ágreiningur eða álitamál hjá próftaka vegna vottunarprófa skal vísa slíkum málum til vottunarnefndar.

Ákveði nemandi að kæra niðurstöður prófs úr fagþekkingarhluta skal sú beiðni berast verkefnastjóra námsins innan tveggja vikna frá prófsýningu á viðkomandi prófi.

Vottunarnefnd skipar kærunefnd til úrlausnar ágreiningsmála.

Niðurstöður úr samskipta- og ráðgjafafærnimati er ekki kærnanlegt.

7. Prófefnislýsing í fagþekkingarhluta

Hér á eftir má sjá prófefnislýsingar í fagþekkingarhluta vottunar og taka þær mið af þeim námsmarkmiðum sem próftakar þurfa að kunna skil á.

Próftaki á að geta útskýrt fagleg atriði sem vísað er til, fléttað þau inn í umfjöllun sem beið er um og þannig sýnt fram á þekkingu og færni sem krafist er innan hvers námshluta.

Með þekkingu er átt við að próftaki hafi öðlast innsýn í valdar kenningar og hugtök, geti gert greinarmun á milli fræðilegra skýringa og annars konar skýringa, skilji og þekki til innihalds námsefnisins í víðu samhengi.

Með færni er átt við að próftaki geti hagnýtt þekkingu sína í til að takast á við viðfangsefni í sínu starfi en í því felst að próftaki geti yfirfært þekkingu og færni í að beita henni á hliðstæðar aðstæður og viðfangsefni, auk þess að sýna fram á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Vottunarnefnd staðfestir gildandi prófefnislýsingar sérstaklega en markmiðið er að þær geti auðveldað nemendum að undirbúa sig fyrir vottunarpróf.

Námshluti:	Ráðgjafafærni
Námsbraut:	Nám til vottunar fjármálaráðgjafar
Fjöldi kennslustunda:	16
Ábyrgðaraðili:	Þór Clausen

Innihald og markmið:

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni í að veita faglega ráðgjöf. Nemendur takast á við raunveruleg verkefni er snúa að fjármálum einstaklinga s.s. innlánnum, sparnaði og útlánnum. Nemendur fá þjálfun í ráðgjafaferlinu og öðlast þannig meira öryggi í störfum sínum gagnvart viðskiptavinum. Nemendur þurfa sem fjármálaráðgjafar að sýna öryggi og fagmennsku í starfi, vera meðvitaðir um hlutverk sitt og stöðu gagnvart viðskiptavinum, búa yfir hæfileikum til að meta stöðu viðskiptavina og koma fram með viðeigandi lausnir og svör. Í námskeiðinu verður einnig farið yfir þá þætti sem metnir verða í ráðgjafaviðtalinu sem fer fram í lok námsins.

Þekkingarmarkmið

Fjármálaráðgjafinn þarf að þekkja eðli ráðgjafar og hlutverk sitt í samtali við viðskiptavini. Þekkja mismunandi hlutverk og skyldur starfsmanna og viðskiptavina. Ráðgjafinn þarf að geta nýtt sér þekkingu sína á helstu hugtökum í fjármálum í samtali og í upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Fjármálaráðgjafinn þarf að greina markmið viðtals og koma með viðeigandi lausnir, ráðgjöf og upplýsingar. Greina fjárhagslega stöðu viðskiptavina og þekkingu hans í fjármálum í þeim tilgangi að leiðbeina honum og koma með viðeigandi lausnir.

Ráðgjafaferlið er sú umgjörð sem snýr m.a. að móttöku viðskiptavina, viðtali, þjónustu og eftirfylgni.

Fjármálaráðgjafinn þarf að vera vel að sér í þeim afurðum sem fjármálafyrirtækið býður uppá og tengjast fjármálum einstaklinga. Hann þarf í viðtölum sínum og ráðgjöf að beita þekkingu sinni á afurðunum og fjármálahugtökum og geta veitt greinargóð og skýr svör við spurningum viðskiptavina. Þetta námskeið snýr svo að því að nýta þekkinguna sem viðkomandi hefur öðlast í náminu, sækja í reynslu og

þekkingu hans í starfi og beita þessu svo þannig að niðurstaðan verði að viðskiptavininn sé veitt fagleg ráðgjöf á sviði fjármála.

Færnimarkmið

Fjármálaráðgjafinn þarf að vera öruggur gagnvart ferli ráðgjafar þ.e. þeim þáttum sem snúa m.a. að móttöku viðskiptavina, viðtali, þjónustu og eftirfylgni sem felst m.a. í því að þarfagreina erindi viðskiptavina, meta gögn og upplýsingar og veita viðeigandi ráðgjöf, upplýsingar og svör hverju sinni. Mikilvægt er að ráðgjafinn nýti þekkingu sína á þeim fjármálaafurðum og fjármálahugtökum sem tengjast fjármálum einstaklinga í viðtalinu. Ráðgjafinn þarf að vera meðvitaður um þá þætti sem geta haft áhrif á samskipta- og ráðgjafafærni þeirra.

Viðtalsumsögn

Hverjum nemanda er ráðlagt að skila inn þremur umsögnum úr raunverulegu viðtali við viðskiptavin þar sem yfirmaður/ samstarfsmaður hefur setið viðtalið og gefið endurgjöf út frá matsblaði sem nemendur fá í námskeiðinu. Umsögnum skal skila inn til verkefnastjóra Opna háskólans.

Námshluti:	ÞJÓÐHAGFRÆÐI
Námsbraut:	Nám til vottunar fjármálaráðgjafar
Fjöldi kennslustunda:	20
Ábyrgðaraðili:	Dr. Þórólfur Matthíasson

Innihald og markmið

Leitast er við að veita nemendum innsýn í hugtök og lögmál efnahagslífsins sem fjallað er um í þjóðhagfræði. Þannig er gerð tilraun til að gera nemendur virkari í umræðu um efnahagsmál og þeim auðveldað að skilja grundvöll efnahagslífsins. Megináhersla er lögð á að lýsa jafnvægi á markaði, ákvörðun og samspili helstu þjóðhagsstærða og skilyrðum ríkisvaldsins til að hafa áhrif á gang efnahagsmála.

Helstu efnisþættir

1. Hagsveiflur, verðlag og atvinna

Að skilja gildisþverstæðuna og í hverju hún er fólgin. Að skilja að verð vöru og þjónustu ræðst af kostnaði við að framleiða og afhenda "síðustu" eininguna af vörunni. Að skilja áhrif breyttra framleiðslu- og eftirspurnaraðstæðna á verð og umsetningu vöru. Að skilja muninn á nafnstærðum og raunstærðum og hvernig raunstærðir og nafnstærðir eru skildar að. Sem dæmi, hvers vegna er þróunin á raunvirði vergrar landsframleiðslu (VLF) betri mælikvarði á hagvöxt og efnahagslegar framfarir heldur en nafnvirði VLF? Að kunna að verðlagsleiðrétta hagstærðir (reikna út raunvirði) og reikna hagvöxt milli tveggja ára. Að skilja hugtakið náttúrulegt atvinnuleysi og þekkja hver munurinn á hinum mismunandi gerðum atvinnuleysis er. Að þekkja atvinnuleysishlutfallið og atvinnuþátttökuhlutfallið og hvers vegna atvinnuleysið segir ekki alla söguna – sbr. hvatningar- og latningar áhrifin. Að vita hvaða áhrif aðgerðir hins opinbera geta haft á atvinnuleysi, þ. á m. hvaða áhrif tekjuskattur hefur á atvinnustig. Að vita hvað verðbólga er, hvernig hún er mæld og hvaða kostnaður getur fylgt henni. Að þekkja mismunandi tegundir verðbólgu.

2. Þjóðhagsreikningar

Að skilja að útgjöld eins aðila í hagkerfinu eru tekjur annars. Að skilja að landsframleiðsla er tekjuhugtak. Að skilja að verðmæti aðfanga telst ekki til landsframleiðslunnar. Að skilja muninn á vergri landsframleiðslu og hreinni

landsframleiðslu og að þekkja grunnjöfnur þjóðhagsreikninga: $Y=CÍ+G+(X-M)$; $Y-T=C+S$; $G-T=(S-I)+(M-X)$.

3. Alþjóðaviðskipti

Að þekkja greiðslujöfnuðinn (viðskiptajöfnuð og fjármagnsjöfnuð) og hvers vegna viðskiptajöfnuður og fjármagnsjöfnuður endurspeгла hvor annan (þegar engar breytingar eru á gjaldeyrisforða). Að vita að minnihluti viðskipta á gjaldeyrisörkuðum tengjast alþjóðaviðskiptum með vöru og þjónustu (meirihlutinn eru fjármagnshreyfingar). Að vita að nafngengi á gjaldmiðlum getur verið sett fram með tvennum hætti (sbr. evrópsku vs. bresku/ bandarísku framsetninguna). Að skilja hvað raungengi er og hvers vegna það er raungengi, en ekki nafngengi, sem stýrir viðskiptastraumum milli landa. Að skilja að gengi gjaldmiðla er eignaverð. Að þekkja helstu áhrifavalda á gjaldeyrismarkaði, þ. á m. hvaða áhrif munurinn á innlendum og erlendum vöxtum (kenningin um vaxtajarfnægi) og verðbólga (kenningin um kaupmáttarjafnvægi) getur haft áhrif á gengið. Að skilja hvað felst í heildar- og nettófjárfestingum (sbr. afskriftir).

4. Peninga- og lánamarkaður

Að þekkja muninn á fjármunum og fastafjármunum (sbr. fyrirtæki nota fjármuni til þess að kaupa fastafjármuni). Að vita hvaðan fjármunir til fjárfestinga koma (sbr. sparnaði heimila, sparnaði hins opinbera og erlendum lánum). Að þekkja muninn á nafnvöxtum og raunvöxtum og að vita hvaða áhrif vextir hafa á raunhagkerfið. Hvers vegna skipta stýrivextir Seðlabankans svo miklu máli? Að þekkja hvernig hallarekstur ríkissjóðs getur valdið ruðningsáhrifum á lánsfjármörkuðum.

5. Hið opinbera, peninga- og fjármálastefnan

Að vita hvað fótalaust fé (e. fiat money) er. Að vita að til eru nokkrar mismunandi skilgreiningar á peningamagni (sbr. M0, M1, M2 o.s.frv.). Að þekkja hvernig peningamargfaldarinn virkar. Að þekkja hvað peningamagnskeningin segir okkur (að til lengri tíma litið haldist aukning peningamagns í umferð og verðbólga að). Að skilja hvert hagstjórnarhlutverk hins opinbera getur verið og hvernig ríkið getur aukið eða dregið úr þrótti efnahagslífsins með samneyslu (ríkisútgjöldum) og/eða sköttum. Að vita hvers

vegna tekjuskattur og atvinnuleysisbætur geta virkað sem sjálfvirkir hagsveiflujafnarar. Að skilja hvers vegna fjármagnstekjuskattur dregur úr sparnaði og minnkar þar með fjárfestingu. Að vita hvað kerfishalli er. Að þekkja hvaða atriði það eru sem takmarka ríkisfjármálastefnuna sem hagstjórnartæki. Að þekkja helstu stjórnartæki seðlabanka. Að þekkja miðlunarferli peningastefnunnar í grófum dráttum – hvernig hafa stýrivextir áhrif á hagkerfið. Að vita hver markmið Seðlabanka Íslands eru. Að vita að áhrif stýrivaxta á hagkerfið geta verið lengi að koma fram. Að vita í hverju inngríp seðlabanka á gjaldeyrismörkuðum felast og hvers vegna þau eru takmörkuð. Að vita hvað gjaldeyrishöft eru og að til séu mismunandi aðferðir við að hefta eða hamlá hreyfingar á fjármagni milli landa. Að vita hvað lánveitingar í neyð eru.

Þekkingarmarkmið

Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að þekkja grunnhugtök þjóðhagsreikninga og þjóðarhagfræðinnar, s.s. forsendur og markmið fjármála- og peningastefnu, inntak hugtaka á borð við greiðslujöfnuð og raungengi auk þess að hafa öðlast skilning á þeim þáttum er hafa áhrif á vexti, gengi og aðrar þjóðhagsstærðir.

Færnimarkmið

Nemendur eiga að geta verið virkir þátttakendur í efnahagssumræðunni og gert grein fyrir samspili helstu þjóðhagsstærða og áhrifum þeirra.

Nemendur eiga að temja sér að nálgast hagræn viðfangsefni með greinandi hugsun.

Námshluti:	Laga- og stofnanaumgjörð
Námsbraut:	Nám til vottunar fjármálaráðgjafar
Fjöldi kennslustunda:	34
Ábyrgðaraðili:	Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Innihald og markmið

Í grófum dráttum eru viðfangsefni námskeiðsins laga- og stofnanaumgjörð fjármálamarkaðar almennt, yfirferð um helstu reglur sem gilda um hefðbundna bankastarfsemi (innlán, útlán og greiðslumiðlun) og kynning á meginefni löggjafar um verðbréfavíðskipti.

Helstu efnisþættir

1. ALMENNUR HLUTI

Um lög/lögfræði, löggjafann, stjórnýslu o.fl. Almennt yfirlit yfir löggjöf á fjármálamarkaði, sérstöðu og mikilvægi. Þróun lagaumhverfis fjármálafyrirtækja, m.t.t. þróunar erlendis (EES-samningurinn o.fl.). Eftirlit með fjármálastarfsemi, hlutverk og valdheimildir helstu eftirlitsaðila (Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands). Veitt yfirlit yfir lög um fjármálafyrirtæki. Lauslegur samanburður á starfsemi fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, lífeyris- og verðbréfasjóða. Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá verður vikið að neytendavernd (m.a. lögum um fjársölu á fjármálaþjónustu og lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu), hlutverki Neytendastofu og úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verður farið yfir helstu þætti löggjafar um aðgerðir gegn peningaþvætti og innistæðutryggingar. Loks verður vikið að lögum um vexti og verðtryggingu, og fjallað stuttlega um þær reglur sem gilda um viðskiptabréf.

2. Helstu lög er varða fjármál einstaklinga

Farið verður yfir helstu efnisþætti er varða fjármál einstaklinga í eftirfarandi lögum:

- Lögræðislög nr. 71/1997 (aldursmörk, sjálfráða/fjarráða, lögræðissvipting, um lögráðamenn og ráðsmenn, yfirlögráðandi, reglur um meðferð á fjármunum ófjarráða manna, löggerningar ólögráða manna).

- Barnalög nr. 76/2003 (forsjá og framfærsla barna).
- Hjúskaparlög nr. 31/1993 (forræði eigna og skuldaábyrgð, um kaupmála og séreign, lok hjúskapar, fjárskipti vegna fjárslita milli hjóna, munur á hjúskap og óvígðri sambú).
- Erfðalög nr. 8/1962 (lögerfingjar, erfðaskrár, um óskipt bú, brottfall erfðaréttar, um ráðstöfun á arfi sem ekki hefur tæmst).
- Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. (Hvenær samningur telst hafa stofnast, umboð og ógildingarreglur samningaréttar).
- Lög um samningsveð nr. 75/1997 (helstu meginreglur, aðaláhersla á samningsveð í fasteignum og lausafé).
- Lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 (gilda einnig um lánsveð).
- Grundvallaratriði í gjaldprotarétti (lög nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl., lög nr. 90/1991 um nauðungarsölu, lög nr. 90/1989 um aðför).
- Lög um almannatryggingar (stutt yfirlit).
- Lög um lífeyrissjóði (stutt yfirlit).

3. VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Grundvallarhugtökin fjármálagerningur og verðbréfaviðskipti. Tengsl laga um fjármálafyrirtæki og laga um verðbréfaviðskipti. Reglur um fjárfestavernd (flokkun viðskiptavina) og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja þegar verðbréfaviðskipti eru annars vegar. Almenn umfjöllun um markaði fyrir fjármálagerninga (skipulegir verðbréfamarkaðir og markaðstorg fjármálagerninga, lög um kauphallir, útboð og taka verðbréfa til viðskipta, reglur um gagnsæi viðskipta). Leikreglur á markaði (þ.e. upplýsingaskylda, innherjaupplýsingar og viðskipti innherja, markaðsmisnotkun). Loks verða lög um verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóði kynnt (áherslan verður á verðbréfasjóði og starfsskilyrði slíkra sjóða, þ.m.t. fjárfestingarheimildir).

Þekkingarmarkmið

Nemendur eiga að þekkja grundvallarhugtök lögfræðinnar og helstu lagaákvæði sem varða fjármál einstaklinga.

Nemendur eiga að skilja og geta gert grein fyrir meginatriðum lagaumgjarðar fjármálamarkaðar hér á landi.

Nemendur eiga að geta útskýrt hvernig eftirliti með fjármálastarfsemi er hagað á Íslandi.

Nemendur eiga að skilja og geta gert grein fyrir meginatriðum lagaumgjarðar viðskipta með fjármálagerninga (þ.e. verðbréfavíðskipta), til dæmis:

- Hverjir hafa heimild til að stunda slíka starfsemi.
- Ólíkum starfsheimildum og starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja með leyfi til verðbréfavíðskipta (grundvallarreglum sem þeim ber að framfylgja í starfsemi sinni).
- Helstu reglum um markaði fyrir fjármálagerninga og framkvæmd verðbréfavíðskipta.
- Leikreglum á markaði, sem varða einnig aðra þátttakendur á markaði en fjármálafyrirtæki.

Starfsheimildum og starfsskilyrðum verðbréfasjóða.

Færnimarkmið

Nemendur eiga að geta vísað til og túlkað þær grundvallarréttarheimildir á sviði fjármálamarkaðar sem fjallað er um á námskeiðinu.

Nemendur eiga að hafa öðlast færni í að nálgast og nýta sér réttarheimildir (lög, reglugerðir o.fl.).

Námshluti:	Fjármál og fjármálamarkaðir
Námsbraut:	Nám til vottunar fjármálaráðgjafar
Fjöldi kennslustunda:	28
Ábyrgðaraðili:	Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Innihald og markmið

Í fyrsta hluta verður farið yfir grundvallaratriði fjármálafræða, svo sem hlutverk fjármálastjóra og fjármálamarkaða sem og helstu viðfangsefni fyrirtækja út frá fjármálum, svo sem fjármögnun. Þá verður vikið að umboðsmannavanda og gefið stutt yfirlit yfir einstaka þætti í ársreikningum fyrirtækja, þ.e. efnahagsreikning, rekstrarreikning sem og yfirlit eiginfjár og sjóðstreymis fyrirtækja.

Í öðrum hluta verður vikið að sambandi á milli áhættu og ávöxtunar. Farið verður yfir mismunandi áhættuþætti, svo sem fyrirtækjaáhættu, markaðsáhættu sem og sjónarmið við samsetningu verðbréfasafna. Þá verður farið yfir hvernig hægt er að reikna út ávöxtun einstakra verðbréfa sem og safn verðbréfa. Farið verður yfir líkan um verðmyndun eigna (e. CAPM) og í því sambandi verður vikið að áhættulausum vöxtum, betagildi og markaðsálagi. Loks verður fjallað um veginn fjármagnskostnað fyrirtækja (e. Wacc).

Í þriðja hluta verður annars vegar farið yfir tímavirði fjármuna og hins vegar verður farið yfir helstu þætti skulda- og hlutabréfa. Hvað einkennir slíka fjármálagerninga og hvernig verðmat þeirra fer fram. Farið verður yfir nafnvexti, raunvexti o.s.frv.

Í fjórða hluta verður fjallað um hvernig hægt er að meta fjárfestingarkosti. Horft verður til þess hvernig ávöxtunarkrafa ýmissa verkefna er fundinn. Farið verður yfir ýmsar aðferðir við mat á fjárfestingakostum, svo sem núvirðingu á fjárstreymi, endurgreiðslutíma, arðsemisstuðul og innri vexti. Litið verður til þess hvernig hægt er að velja á milli ólíkra fjárfestingakosta, ef þeir t.d. útiloka hvorn annan eða hafa ólíkan líftíma.

Þekkingarmarkmið

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemendur búi yfir þekkingu á helstu undirstöðum í fjármálafræðum. Nemendur eiga að geta verðmetið einföldustu

fjármálagerninga og verkefni, reiknað vexti, fundið ávöxtunarkröfu, búið til fjárstreymi og öðlast skilning á grundvallaratriðum fjármálamarkaða. Farið verður í aðferðir til að undirbúa ákvarðanir við fjárfestingu og fjármögnun verkefna.

Færnimarkmið

Í námskeiðinu er lögð áhersla á skilning, þannig að nemendur verði í stakk búnir til að fylgjast með umfjöllun á sviði fjármála auk þess að öðlast grundvallarþekkingu í fjármálum.

Að nemendur þekki hringrás fjármálamarkaðarins.

Nemendur eiga að geta veitt góða ráðgjöf og haft góðan skilning á fjármálum einstaklinga, sparnaðarleiðum og lántökukostum og reiknað einföldustu fjármálagerninga (skuldabréf og einföldustu hlutabréf).

Námshluti:	FJÁRMÁL EINSTAKLINGA
Námsbraut:	Nám til vottunar fjármálaráðgjafar
Fjöldi kennslustunda:	28
Ábyrgðaraðili:	Dr. Jón Þór Sturluson

Innihald og markmið

Í þeim tilgangi að styrkja þjónustufulltrúa bankanna í störfum sínum í þágu einstaklinga og heimila er á þessu námskeiði farið yfir öll helstu grundvallaratriði í fjármálum einstaklinga. Nánari lýsing á efnisþáttum má sjá hér.

Viðmiðunarútgjöld heimila

Stutt kynning á kenningum um neysluhegðun. Neysluviðmið Velferðarráðuneytisins eru kynnt og farið yfir mögulega notkun þeirra við fjármálaráðgjöf sem og önnur viðmið um útgjöld heimila.

Að ná utan um fjármál heimilisins

Hér er fjallað um grundvallaratriði við gerð heimilisbókhalds. Sérstaklega er fjallað um veflausnina Meniga.is sem leið til að framkvæma heimilisbókhald.

Markmiðasetning

Fjallað um markmiðasetningu fjölskyldunnar sem rekstrareiningar. Kynnt er til sögunnar efnahagsreikningur fjölskyldunnar og hvernig hann breytist yfir tíma. Farið verður yfir hvernig nýta má upplýsingar um útgjöld, eigna- og skuldastöðu og finna leiðir að settum markmiðum.

Áætlanagerð við mismunandi aðstæður

Fjallað um fjárhagslega áætlanagerð fjölskyldunnar út frá mismunandi æviskeiðum. Sérstaklega er fjallað um fjárhagslega áætlanagerð í tengslum við hjónabönd/samvistir, barneignir og barnauppeldi, samvistaslit og nám.

Langtímaskuldbindingar

Hér er nánar fjallað um helstu langtímafjárhagsskuldbindingar fjölskyldna. Fasteignakaup, bifreiðakaup og fleira. Samhliða eru grundvallaratriði í fjármögnun slíkra skuldbindinga skoðuð. Áhersla er lögð á þölmörk skuldsetningar og áhættuþol. Nánar verður fjallað um val á milli lánsforma á síðari stigum námsins.

Óvissa og öryggi

Hér er fjallað um leiðir fyrir heimili til að bregðast við óvæntum atburðum svo og leiðum til að tryggja fjárhagslegt öryggi að starfsævi lokinni. Fyrst er fjallað um viðhorf til áhættu og þol heimila fyrir áhættu. Þvínæst er fjallað um sparnað sem öryggisventil. Þá er fjallað um helstu tryggingaform til að draga úr óvissu og auka öryggi, s.s. líf, slysa og sjúkdómatryggingar; tekjuvernd og lánavernd. Loks er fjallað um lífeyriskerfið á víðum grunni þar sem horft er á samspil almannatrygginga, almenns lífeyris, séreignasparnaðar og frjáls sparnaðar.

Skattar

Farið yfir helstu þætti varðandi tekjuskatt og útsvar á launatekjur (laun, bætur o.þ.h. þ.á.m. kaupréttir starfsmanna, lífeyrir, tryggingafé og eftirgjöf skulda; frádrættir m.a. v/lífeyrissjóðsiðgjalda). Fjallað um bótakerfi tekjuskattslaganna – vaxtabætur og barnabætur og húsaleigubætur. Ennfremur um fjármagnstekjuskatt (vexti, afföll, gengishagnað, leigutekjur), reglur um tap og hagnað af hlutabréfum og sölu eigna. Loks er farið yfir mismunandi skattþrósentur – einstaklingar, einstaklingsrekstur og félagiform einstaklinga í rekstri.

Fjárhagserfiðleikar og endurskipulagning fjármála heimila

Fjallað er um helstu orsakir fjárhagserfiðleika og leiðir til að takast á við þá. Sérstök áhersla er á ný og nýleg úrræði svo sem skuldbreytingar banka og greiðsluáðlögun. Einnig er fjallað um einstaklingsgjaldþrot á áhrif þess til skemmri og lengri tíma.

Þekkingarmarkmið

Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að:

- Hafa góða yfirsýn yfir alla helstu þætti sem ráða og hafa áhrif á fjármál einstaklinga, í lengri og skemmri tíma, þar með talið samspil við hagrænar aðstæður í samfélaginu.
- Geta sýnt fram á skilning á helstu viðfangsefnum sem einstaklingar glíma við í fjármálum sínum yfir æviskeiðið.

Færnimarkmið

Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að geta beitt helstu verkfærum sem nýta má til ráðgjafar um einstök úrlausnarefni í fjármálum einstaklinga, svo og að veita ráðgjöf um lykilákvarðanir í fjármálum heimila miðað við forsendur einstaklinga.

Lesefni

Lesefni er valið úr ýmsum áttum. Ekki er til nein ein kennslubók um þetta efni á íslensku. Kennarar munu dreifa ítarlegum glósum og dreifa öðru stuðningsefni eftir þörfum. Til hliðsjónar eru eftirfarandi bækur:

- Dag Jörgen Hveem, Jon Mjølhus, Hilde Nordstoga og Alexandra Plahte (2010). Personlig økonomi 2010/2011. Trondheim: Cappelen. 2010.
- Jack Kapoor, Les Dlabay og Robert J. Hughes (2011). Personal Finance, 10th. edition. McGraw-Hill/Irwin.

Námshluti:	SPARNAÐUR, ÚTLÁN OG GREIÐSLUMIÐLUN
Námsbraut:	Nám til vottunar fjármálaráðgjafar
Kennslufjöldi:	24
Ábyrgðaraðili:	Sígurbjörn Einarsson

Innihald og markmið

Í þessum hluta verður farið yfir helstu vörur sem fjármálaráðgjafinn þarf að þekkja í störfum sínum. Ráðgjafinn þarf að kunna skil á þeim mismunandi fjármálafurðum sem í boði eru og skilja mögulegt samspil og áhættu í tengslum við mismunandi fjármálaafurðir. Skoðaðar verða allar helstu fjármálaafurðir sem fjármálaráðgjafinn þarf að þekkja, mögulegt samspil þeirra og mismunandi skattlagning. Helstu útlánaform sem standa einstaklingum til boða verða skoðuð.

Þekkingarmarkmið

Fjármálaráðgjafinn á að þekkja þær fjármálaafurðir sem í boði eru og skilja eiginleika þeirra. Það sem fjármálaráðgjafinn þarf m.a. að kunna skil á eru mismunandi tegundir innlána, samspil vaxtabreytinga á vaxta- og skuldabréfamarkaði og á innlánnum. Við skoðum verðbréfamarkaðinn og afurðir hans, hlutabréfa- og skuldabréfavísitölur, verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Skoðum önnur sparnaðarform, lífeyrissparnað og viðbótarlífeyrissparnað. Skoðum mismunandi áhættustig sparnaðarforma og hvernig hægt er að meta það. Fjármálaráðgjafinn á að þekkja mismunandi útlánaform sem standa viðskiptavinum til boða, mismunandi tryggingar og þau opinberu greiðsluferfiðleikaúrræði sem í boði eru.

Færnimarkmið

Fjármálaráðgjafinn þarf að geta útskýrt þær fjármálaafurðir sem í boði eru fyrir viðskiptavinum sínum, hann þarf að skilja mögulegt samspil þeirra og geta gert grein fyrir mögulegri áhættu mismunandi afurða. Hann þarf að þekkja og geta útskýrt hvernig skattlagningu fjármagnstekna er háttað og hvernig skattlagning er mismunandi milli afurða. Fjármálaráðgjafinn þarf að skilja eðli verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, hvernig gengi sjóða er reiknað og mismunandi þóknanir sem sjóðirnir innheimta. Fjármálaráðgjafinn þarf að þekkja þau útlánaform sem í boði eru, mismunandi eiginleika, kostnað, mismunandi tryggingar, meðferð og útfyllingu skuldaskjala og ferlið og gagnaöflun varðandi gerð greiðslumats.

Efnispættir

Ekki er stuðst við neina eina kennslubók í námskeiðinu.

Hægt er að lesa sér til um ákveðna efnispætti í eftirfarandi bókum og efni:

- Verðbréf og áhætta – www.vib.is/fraedsla/baekur/
- Hlutabréf og eignastýring – www.vib.is/fraedsla/baekur/
- Verðmætasta eignin - www.vib.is/fraedsla/baekur/
- Ýmislegt efni á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða – www.ll.is
- Um skuldabréfavísitölur GAMMA – www.gamma.is/skuldabrefavisitala
- Áhættuvilji og áhættuþol einstaklinga
- Hreyfingar á fjármálamörkuðum
 - Vísitölur, skuldabréfavísitölur, hlutabréfavísitölur
 - Samspil milli mismunandi markaða
- Hvað vinnst með samvali verðbréfa
- Fjárfestingarstefna og eignasöfn
 - Mótun fjárfestingarstefnu
 - Fjárfestingartímabil
 - Áhættuskilgreining einstaklinga
- Rekstrarfélög verðbréfa- og fjárfestingarsjóða
 - Rekstrarfélög verðbréfasjóða
 - Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir, eðli og munur
 - Útreikningur á innlausnarvirði
 - Gengi sjóða og þóknanir
 - Útreikningur á ávöxtun sjóða og samanburður
- Innlán
 - Innlánsreikningar, óverðtryggðir og verðtryggðir
 - Vextir, vaxtareglur og dagatalning
 - Verðtrygging og verðbólga
- Vextir og vaxtamyndun
 - Vaxtamyndun á vaxtamarkaði
 - Samspil vaxtabreytinga og hreyfinga á fjármálamarkaði
- Skuldabréfavísitölur
 - Skuldabréfavísitölur á íslenska skuldabréfamarkaðnum
 - Samanburður á árangri verðbréfasjóða og vísitalna
- Útlán
 - Mismunandi útlánaform
 - Mismunandi afborgunarfyrirkomulag
 - Verðtryggð lán og óverðtryggð lán
 - „Vaxtalaus“ lán
- Lífeyris- og séreignasparnaður
 - Uppbygging lífeyrissjóðakerfisins
 - Viðbótarlífeyrissparnaður
- Eignastýringaraðferðir og fjárfestingarstefnur
 - Mismunandi eignastýringaraðferðir
 - Áhætta og ávöxtun
 - Fjárfestingartímabil, fjárfestingarstefna, áhættudreifing
 - Langtímasparnaður, skammtímasparnaður

Námshluti:	SIÐFRÆÐI
Námsbraut:	Nám til vottunar fjármálaráðgjafar
Kennslufjöldi:	20
Ábyrgðaraðili:	Jón Ólafsson

Innihald og markmið

Markmið námsins er að gera nemendum kleift að nýta sér innsæi og kenningar siðfræðinnar í starfi. Þeir kynnst meginkenningum og viðfangsefnum siðfræðinnar og ræða leiðir til að fella siðadóma og leysa úr siðferðilegum álitamálum með hjálp kenninga. Rætt er um inntak siðferðilegrar afstæðishyggju og leiðum siðfræðinnar til að svara henni. Fjallað er um samfélagssáttmála, samfélagslega ábyrgð og ábyrgð samfélagsins gangvart einstaklingum. Þá kynnst nemendur tilgangi og notkun siðareglna, fjalla um fagsiðferði, dygðir og gildi í rekstri fyrirtækja, þjónustu- og atvinnustarfsemi. Loks rætt um greinarmun á tækniviti og siðviti, og um algeng mistök sem skynsemistakmarkanir (bounded rationality) geta leitt af sér og hvort siðfræðileg hugsun geti dregið úr líkum á þeim.

Þekkingarmarkmið

Kunna skil á helstu siðfræðikenningum.

Átta sig á gildi siðfræðikenninga fyrir siðferðilega ákvarðanatöku.

Skilja samhengi siðfræði og fyrirtækjagilda / fyrirtækjamenningar.

Skilja og kunna að beita siðareglum.

Færnimarkmið

Geta beitt siðfræðilegri hugsun við lausn álitamála sem upp koma í tengslum við fjármálaráðgjöf.

Kunna að nýta siðfræðina við að leita lausna við faglegum álitamálum.

Geta í framhaldi tamið sér að nálgast viðfangsefni út frá forsendum siðfræðinnar sem viðbót við aðrar úrlausnaraðferðir.